

## SAMSTARFSSAMNINGUR

*Sveitarfélagið Árborg kt. 650598 2029 og Vesturbúðarfélagið kt. 500620 0560 gera með sér eftirfarandi samstarfssamning er varðar endurbyggingu Vesturbúðarinnar á Eyrarbakka*

Sveitarfélagið Árborg úthlutar Vesturbúðarfélaginu lóð þá sem byggingar Vesturbúðarinnar stóðu á. Sjá meðfylgjandi uppdrátt af lóðarmörkum og staðsetning lóðar. Sveitarfélagið mun grenndarkynna tillöguna á uppdrættinum og útbúa lóðarblað. Markmið samkomulagsins og forsenda er að Vesturbúðarhúsin verði endurbyggð í sem næst upprunalegri mynd á þeirri lóð sem um ræðir. Notkun lóðarinnar í öðrum tilgangi er óheimil.

Lóðinni verður úthlutað til 5 ára. Innan úthlutunartíma skal félagið hefja framkvæmdir við (endur-) byggingu Vesturbúðarinnar. Úthlutun þessi verður án endurgjalds þar til endanlegur lóðarleigusamningur verður gerður. Eigi síðar en þá, að uppfylltu áðurnefndu skilyrði um framkvæmdir, verður gerður formlegur lóðaleigusamningur til langs tíma og fram að þeim tíma verður frestað álagningu gatnagerðargjalda, fasteignagjalda og annarra gjalda til sveitarfélagsins, sem munu þá fara eftir því sem reglur og aðrir skilmálar segja til um.

Vesturbúðarfélagið mun í samstarfi við Minjastofnun og aðra fagaðila láta vinna nauðsynlegan fornleifauppgröft á lóðinni.

Vesturbúðarfélagið mun láta útbúa heimasíðu fyrir verkefnið þar sem það verður kynnt, upplýsingar verða þar einnig tiltækar um stöðu verkefnisins, niðurstöður fornleifarannsóknna auk þess sem að á síðunni verður annar tengdur fróðleikur.

Vesturbúðarfélagið leggur áherslu á góða samvinnu við og upplýsingagjöf til nærsamfélagsins og mun félagið standa fyrir opnum kynningarfundum um verkefnið og þróun þess. Sveitarfélagið Árborg lýsir sig reiðubúið að koma með Vesturbúðarfélaginu að kostnaði og undirbúningi við þátttökuþing íbúa og áhugasamra aðila um verkefnið veturinn 2021-2022, þar sem kallaðir yrðu til fagaðilar með innlegg í umræðuna.

Sveitarfélagið Árborg og Vesturbúðarfélagið munu í sameiningu vinna að því að styrkja hina gömlu götummynd Eyrarbakka og er verkefnið Verndarsvæði í byggð einn liður í þeirri viðleitni.

Í kynningarefni og upplýsingagjöf verður Sveitarfélagsins Árborgar getið sem eins helsta samstarfsaðila verkefnisins.


Með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Svf. Árborgar,  
Eyrarbakka, þann 11. júní 2021,



f.h. sveitarfélagsins Árborgar



f.h. Vesturbúðarfélagsins



Í gjaldandi deiliskipulagi fyrir miðsvæði Eyraþakka er Vesturbúðarhóll skilgreindur sem opið grænt svæði og engin almörkun sýnd á lóð. Í tillögu að Verrðarsvæði / byggingu, sem nú er í kynningarferli, er Vesturbúðarhóll meilinn með hæsta verndargildi. Í formleifaákrýslu er svæðið tiltekið sem minjasvæði, í báðum þessum skipulagsáætlunum er opið á þann möguleika að endurbyggja Vesturbúð, að hluta eða í heild. Engin eldri lóðarmörk eru til fyrir Vesturbúð svo vítið sé og eftir að Vesturbúð var rífin árið 1950 hefur lega Búðarstígs breyst. Á loftmynd eru grunnlinur húsa teiknaðar skv. upprætti frá 1930 og sjá má að Vesturbúðarhúsin ná inn fyrir götukant á Búðarstíg. Ef af endurbyggingu Vesturbúðar verður, þarf að breyta deiliskipulagi og atmarka lóð og byggingarreit. Í því sambandi þarf að skoða nokkur atriði, svo sem nálegu við lagnabelti meðfram sjóvannargarði, formleifar, aðkomu og bílastæði að lóð. Varðandi staðsetningu bygginga þarf mögulega að hnikka þeim er byggja á Vesturbúð í heild sinni. Einnig þarf fá undanþágu frá kröfu um lágmarksjarlægð bygginga frá sjóvannargarði sem Siglingamálastofnun hefur sett.

Meðfylgjandi tillaga að lóðarmörkum fyrir Vesturbúð tekur mið af mörkum aðliggjandi lóða til vesturs og austurs, af gangstéttarkanti til norðurs og af sjóvannargarði til suðurs. A teikningu þessan er lóðin um 4.891m<sup>2</sup> að stærð.

HEITI VERKS:










SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG  
VESTURBÚÐ Á EYRARBAKKA

HEITI TEIKNINGAR:

TILLAGA AÐ LÓÐARMÖRKUM  
YFIRLITSMYND

VERUR:	MKV:	TEIKNING NR.:
213-033	1:1000 í A3	
TEIKNAD AF:	HANNAÐ AF:	DAGS. TEIKN.:
SG		21. apríl 2021
YFIRLESTUR / UNDIRSKRIFT:		TEIKN. BREYTT:

SKÝRINGAR:

-  Núv. lóðarmörk
-  Tillaga að nýrri lóð
-  Núv. byggingar
-  Fyrri lega Vesturbúðar - til skýringar
-  Formlinjar - sýnilegar/minjar
-  Sjóvannargarður
-  Byggingarbann vegna sjóvannargarðs
-  Götukantur
-  Kvæð um lagnabelti, leiðbeinandi lega